



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Reykjavík, 12. mars 2018.


Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971, með síðari breytingum, þingskjal nr. 239 - 165. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku. Markmiðið með frumvarpinu er að auka markvisst framleiðni og lífsgæði launþega á Íslandi með því að fækka vinnustundum niður í 35 á viku, en líkt og skýrslur OECD hafa sýnt fram á haldast ekki endilega í hendur lengri vinnutími og meiri framleiðni.

Mannréttindaskrifstofan styður frumvarpið og tekur undir sjónarmið að baki styttingu vinnudags í 7 dagvinnustundir í stað 8. Líkt og bent er á í greinargerð með frumvarpinu er ekki samasemmerki á milli langs vinnudags og meiri framleiðni. Þvert á móti bendir margt til þess að styttri vinnudagur leiði til meiri framleiðni og aukinna lífsgæða.

Virðingarfyllt,
f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands


Margrét Steinarsdóttir
framkvæmdastjóri